


Viðfangsefnin í list Picassos



Nýleg mynd af Picasso eftir austurrís.



Hryllingur styrjalda og hvernig þær bitna á saklausu fólki var eitt af viðfangsefnum Picassos. Hér er mynd um slíkt efni: Stríð og friður, 1952. Af sama toga er hin fræga mynd, Guernica.



Konan var eftirlætis viðfangsefni Picassos, hans sjálfs. Til dæmis um, hve Picasso gat af tveimur eiginkonum hans. Enda þó formbyltingunni á hönd, málaði hann mynd árið 1917. Myndin til hægri er af Doru og er hún má


Þegar fengist er við rannsóknir á ævi og störfum Picassos er það yfirleitt gert með skírskotun til listrænna tímabila á ferli hans, til þroska á mismunandi æviskeiðum, til margbreytilegrar tækni í listsköpun hans eða af þeim sjónar-

hóli hve miklu hlutverki aðsetur hans hverju sinni hafi gegnt að því er varðar verk hans. Ólíkt minni athygli hafa menn ljáð því sem við gætum kallað stefin eða efnisvalið í verkum hans. Stef þessi eru ekki ýkja mörg, en þau koma fyrir aftur og aftur, stundum

óvænt, á hinum ýmsu æviskeiðum listamannsins.

Maðurinn sem miðja alheimsins, sem vera er berst upp á líf og dauða, — málarinn og fyrirsæta hans, líf listamannsins í vinnustofu sinni, með pensla sína og önnur áhöld allt um kring, — konan sem sú er leysir lífsorkuna úr viðjum, — skepnan og skrimslíð, sem öfgakenndar túlkanir mannlegra tilfinninga, — listin og listamennirnir sem hugleiðing um tiltekið verk og endurvakning sígildra stefja, — tónlistin tjáð með hljóðfærum, — stríð og friður sem öfgar lífsins sjálfs, — landslag sem rammi viðburða eða

Listahátíð hefst í dag með opnun Picasso-sýningar á Kjarvalsstöðum. Af því tilefni birtir Lesbók grein um helztu stefin, eða yrkisefnin, sem koma fyrir í list Picassos.



Mandólin og gítar, 1924. Uppstillingar, einkum og sér í lagi með hljóðfærum, voru Picasso kært viðfangsefni.

EFTIR AITOR YRAOLA